



AFSTÖÐUMYND

1 : 1000

BYGGINGALÝSING OG GREINARGERÐ HÖNNUDA

- a.

Almennt:
Götuheiti: Þrándarkot, Laxárdal, Dalabyggð
Landnr.: L137593
Staðgr.: 3811-3-00070000
Mhl: 05
- b.

Notkun:
Bygginginn verður í notkunarflokki 4, samkvæmt br 112/2012 , 9.1.3 gr.

Sótt er um að byggja við núverandi hús til austurs, viðbygging mun hýsa nýtt eldhús fyrir starfsemi hússins.
Einnig verður húsið uppfært miðað við gildandi lög og reglugerðir samfara endurbótum á húsinu, endurbætur verða gerðar á næstu árum.
- c.

Helstu stærðir:

Núverandi bygging

	m ²	m ³
Kjallari	100,6	274,1
1. hæð	384,0	1.319,0
Samtals:	484,6	1.539,1

Viðbygging

	m ²	m ³
Kjallari	0,0	0,0
1. hæð	52,8	169,5
Samtals:	52,8	169,5

Heildarstærðir

	m ²	m ³
Kjallari	100,6	274,1
1. hæð	436,8	1.488,5
Samtals:	537,4	1.762,6
- d.

Stærð lóðar, nýtingarhlutfalli:
Stærð lóðarinnar er óþekkt samkvæmt þjóðskrá Íslands.
Við húsið er malarbílastæði fyrir a.m.k. 20 bíla og þar af 2 bílastæði fyrir hreyfihamlaðra.
Á lóðinni verða sett niður trjáplöntur sem munu mynda skjól við húsið.

- e.

Burðarvirki:
Núverandi hús er byggt á steyptum sökkli og þar ofan á kemur hefðbundið timburhús klæddu með timbri. Þak er hefðbundið timburþak klæddu með bárujárn.
Viðbygging verður með steypum sökklum, veggir og þak verða hefðbundin timbur burðarvirki. Veggir klæddir timburklæðningum og þak klætt með bárujárn.
- f.

Utanhúsfrágangur og litaval:
Núverndi húsi er verður málað í dökkum lit sem og þak.
Viðbygging verður klædd að utan með timbri í dökkum lit og þak klætt með bárujárn í dökkum lit.
Á nýjum þökum skal koma fyrir snjógildrum, til vamar því að snjór og ís falli af þaki.
- g.

Handrið:
Handrið á pöllum og stigum utanhúss eru timburhandrið.
Handrið á stiga innanhúss er stálhandrið.
Hæð handriða skal fylgja grein 6.5.4. í br 112/2012.
Frágangur handriða skal vera samkv. 6.5.3. í br. 112/2012
- h.

Einangrun, heildarleiðnitap og heildarorkubörf:
U-gildi einstakra byggingarhluta skal uppfylla ÍST 66:
Allar nýjr byggingarhlutar munu uppfylla einangrunakröfur br. 112/2012, 13,3 gr.
- i.

Innanhúsfrágangur:

Allar nýjar klæðningar verða í flokki 1, klæðningar verða endurnýjaðar samhliða endurnýjun hússins.

Innveggir:
Innveggir eru hefðbundnir gífsveggir sem verða spartlaðir og málaðir.
Allir veggir í votrymum skulu klæddir með rakavörðum plötum og yfirborðsfrágangur þannig að raki komist ekki að klæðningu.
- j.

Loft:
Loft verða klædd með gífsi sem er síðan spartlað og málað, eða öðrum klæðningum í flokki 1.
- k.

Lagnir:
Upphitun
Upphitun er rafmagnshitun.

Gólfniðurföll
Gólfniðurföll eru í votrymum hússins.

Loftræsing
Öll gluggalausa rými eru loftræst vélrænt.
Önnur rými eru loftræst um opnanleg fög, í eldhúsið verður háfur yfir eldunaraðsöðu.

Neysluvatnskerfi
Neysluvatna er upphitað kalt vatn, vatnið er hitað upp með varmaskipti og rafmagnstöpum.

Frärennslislagnir
Nýjar frärennslislagnir eru PEH plastlagnir utanhúss en PP plastalagnir innanhúss.
Frärennsli fer í núverandi rotbró hússins.
Við eldhús veður sett fitugildra.
- l.

Brunavarnir:
Samantekt brunavarna
Texti unninn af Mannviti hf. verkfræðistofu

Almennt um brunavarnir:
Um er að ræða veiðihús á einni hæð með kjallara undir hluta hússins. Á 1. hæð eru gistiherbergi, starfsmannaherbergi, eldhús, borðstofa og setustofa ásamt tilheyrandi stoðrymum. Í kjallara eru tæknirými, þvottahús o.fl.
Brunavarnir verða í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með áorðnum breytingum. Húsið fellur undir notkunarflokk 4.

Brunaviðvörunarkerfi:
Sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi verður í húsinu. Kerfið mun ná til allrar byggingarinnar. Í herbergjum verða reykskynjarar með innbyggðum hljóðgjöfum og ljósgjafa fyrir heyrnardaufa í hluta herbergja skv. reglugerð. Aðrir viðvörunargjafar verða brunabjöllur. Brunaviðvörunarkerfið skal vera viðurkennt kerfi, hannað og uppsett í samræmi við reglur og leiðbeiningar Húsnæðis og mannvirkjastofnunnar (HMS) og ÍST EN 54. Kerfið verður þjónustað af aðila viðurkenndum af HMS.

Neyðarlýsing og ÚT-ljós:
Neyðarlýsing, sjálflysandi merkingar og ÚT-ljós verða í húsinu í samræmi við byggingarreglugerð 112/2012, ÍST EN1838:2013, ÍST EN 50172:2004, leiðbeiningar HMS við gr. 9.4.12 og ISO 16069. Neyðarlýsing skal vera á göngum og í flóttaleiðum. ÚT-ljós verða yfir eða við dyr í flóttaleiðum. Nánari lýsing á kerfinu er að finna á sérteikningum rafmagnshönnuðar. Neyðarlýsing verður þannig uppsett að hún gefi sem jafnasta birtu í opnum rýmum og á flóttaleiðum. Lýsingin verður a.m.k. 1 lúx við gólf í flóttaleiðum. Neyðarlýsing tekur sjálfkrafa við ef aðalstraumgjafi bregst og gefur ljós í a.m.k. 60 mínútur. Full lýsing er komin á innan 60 sek. en 50% af henni eftir 5 sek. Varastraumgjafar eru rafhlöður sem taka sjálfvirkt við ef aðalstraumgjafi bilar.

Slökkvitæki :
Handslökkvitæki verða við útganga í flóttaleiðum og einnig í tæknirýmum og eldhúsi. Staðsetning handslökkvitækja er sýnd á grunnmyndum. Handslökkvitæki skulu vera í samræmi við gr. 9.4.4. í byggingarreglugerð og skv. leiðbeiningum 165.BR1 og ÍST EN 3. Staðsetning tækjanna er sýnd á grunnmyndum. Miða skal við 6 l léttvatnstæki á göngum og við útganga og 5 kg kolsyrutæki í tæknirýmum. Sérstakt slökkvitæki fyrir F-elda skal vera í eldhús sem hentar fyrir eld í feli. Eldvarnarteppi skal líka vera í eldhúsi.

Reyklosun:
Hægt verður að reyklosa bygginguna um dyr og glugga.

Flóttaleiðir:
Frá öllum rýmum þar sem fólk dvelst verða að minnsta kosti tvær flóttaleiðir. Flóttaleiðir frá svefnherbergjum verða um ganga með flóttaleið í tvær áttir sem vísa á dyr sem opnast beint út undir bert loft eða í annað brunahólf. A.m.k. tvær flóttaleiðir eru beint út úr stofu og borðstofu. Í kjallara er flóttaleið beint út en einnig er hægt að komast upp stiga og þaðan út. Almennt munu hurðir í flóttaleiðum opnast í flótaáttina og skulu opnast án lykils eða annara verkfæra. Hurðir mega opnast á móti flóttaleiðinni þar sem reiknað er með færri en 30 manns sem þekkja til aðstæðna. Flóttaleiðir að næsta brunahólfi eða útgangi verða aldrei lengri en 30 m og gangur með flóttaleið í eina átt ekki lengri en 7 m.

Klæðningar:
Yfirborðsflétir útvegga kjallara er steypa í flokki 1 en 1. hæð er viðarklædd með klæðningu í flokki 2. Þakklæðningar verða í flokki B_{mod} (t2). Allar nýjar vegg- og loftaklæðningar innanhús verða í flokki 1. Eldri klæðningar verða endurnýjaðar með klæðningu í flokki 1 samfara viðhald og endurnýjun. Almennt verða gólfefni í flokki Dfl-s1.

Loftræsikerfi:
Brunavarnir í loftræsikerfum verða hannaðar í samræmi við byggingarreglugerð og DS 428 þannig að ekki verði hætt á að reykur dreifist á milli brunahólfa. Í brunaskilum verða eldvarnarlokur sem loka við boð um reyk frá brunaviðvörunarkerfinu. Loftræsikerfið skal stöðvast við brunaboð.

Brunahólf:
Almennt eru brunahólfín með EI 60 brunaskilum og EI2 30-CS₂₀₀ hurðum en tæknirými verða með EI2 30-S₂₀₀ hurðum.
Á 1. hæð verða öll svefnherbergi sérstök brunahólf. Einnig er svefnálma og aðstaða starfsmanna í sérstöku brunahólfi. Eldhús er í sérstöku brunahólfi.

Brunaþol burðarvirkis:
Brunaálag í húsinu áætlast að vera undir 800 MJ/m² og telst áhætta vegna öryggis fólks vera „meðal“ sbr. töflu 9.10 í byggingarreglugerð 112/2012. Brunamótstaða burðarvirkisins þarf því að vera R 60.

Brunaþéttingar:
Lagnagöt og önnur gót á milli brunahólfa skulu vera þétt með sérstökum brunaþéttiefnum á viðurkenndan hátt. Þéttiefni sem notuð verða til verksins s kulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda efnaanna og vera viðurkennd af HMS til fyrirhugaðar notkunar. Þéttingar skulu útfærðar þannig að brunamótstaða byggingarhlutans skerðist ekki.

Slökkvilið:
Aðkoma slökkviliðs er frá Laxárdalsvegi. Aðgengi að húsinu er gott. Við hlið hússins í um 30 m fjarlægð er lækjarfarvegur sem hugsanlegt er að sækja slökkvivatn í. Einnig er Laxá í um 400 m fjarlægð. Áætlað slökkvivatn reiknað eftir aðferðum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er um 2030 lítrar á mínútu eða 34 lítrar á sek.

Eigið eldvarnareftirlit og viðbragðsáætlun:
Um eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í húsinu gildir reglugerð nr. 723/2017. Kerfisbundið eigið eftirlit verður í húsinu.

m.

Hljóðvist:
Viðbygging og endurbætur uppfylla kröfur ÍST: 45, Hljóðvist - Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.
Hljóðvist mun verða uppfærð samhliða viðhaldi hússins.

n.

Öryggisbúnaður:
í húsið verður sett upp brunaviðvörnunarkerfi tengdir viðurkenndri stjórnstöð.

o.

Tæknibúnaður:
í húsið verða sett upp varmskiptar vatn í vatn, staðsetning varmaskipta verður tæknirými í kjallara.

p.

Aðgengi og algild hönnun.
Aðkoma og inngangar að húsi, sal og svefnálmu eru hönnuð með algildri hönnun. Í húsinu eru tvö svefnherbergi hönnuð fyrir hreyfihamlaðra. Við byggingu viðbyggingar og endurbætur á húsnæði verður aðgengismál uppfærð.

q.

Frágangur lóðar.
Við hús eru pallar bæði fyrir starfsmenn og gesti.
Lóðin verður að mestu óhreyft en bílastæði eru með malaryfirborði.
Á lóðinni verða sett niður trjáplöntur sem munu mynda skjól við húsið.

r.

Sorp
Við hús eru gámar fyrir sorp, gámar eru reknir af rektararaðila hússins.

s.

Sértækar aðgerðir.
Ekki er um neinar sértækar aðgerðir að ræða

A	22.09.21	Teikning útgefin	hk
Útg.	Dags.	Skýring	Br.af:

Verkheiti:

Þrándarkot Veiðihús

Laxárdal, Dalabyggð

Verkhluti:

Afstöðumynd

Teikninganúmer:

0.01.00

Verknúmer:

20014

Staðgreinir:

3811-3-00070000

Landnúmer:

L137593

Matshluti:

05

Mælikvarði:

1 : 1000

Aðalhönnuður / Hönnunarstjóri:

hk

Teiknað:

hj

Yfirfarið:

hk

Dagsetning:

22.09.21

Útgáfa:

A

Samþykkt:

SIGURÐUR HALLGRÍMSSON,	170753-3139	ARKITEKT
BIRKIR ÁRNASON,	200787-3159	BYGG.FR.
HALLUR KRISTMUNDSSON,	220573-3899	BYGG.FR.
HELGI MAR HALLGRÍMSSON,	210279-3429	ARKITEKT